

Sóltún, Reykjavík
08 447

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstjóra	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Sóltún, Reykjavík

Fjárlagaliðurinn er í umsjón

Sjúkratrygginga Íslands

kt. 480408-0550

Vínlandsleið 16, 113 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstjóra

Fjárlagaliðurinn Sóltún, Reykjavík er ríkisaðili í A-hluta sem starfar á grundvelli laga um heilbrigðisþjónustu. Sjúkratryggingar Íslands hafa umsjón með fjárlagaliðnum.

Starfsemi fjárlagaliðarins fellur undir málefnasvið 25 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 1.901,2 milljónir og afkoma kr. -203,2 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -203,2 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 0,0 milljónir.

Halli er á liðnum eins og undanfarin ár sem skýrist af ósamræmi milli fjárveitinga og greiðsluskuldbindinga skv. samningi við þjónustuveitanda.

Starfsemi fjárlagaliðarins á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Sóltúns, Reykjavík í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstjóri staðfestir hér með ársreikning Sóltúns, Reykjavík fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Sigurður Helgi Helgason,
forstjóri

(Undirritun rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	1.734.753.435	1.619.717.004
Seld þjónusta	3	<u>166.440.287</u>	<u>156.446.882</u>
Tekjur samtals		<u>1.901.193.722</u>	<u>1.776.163.886</u>
Gjöld			
Annar rekstrarkostnaður	4	<u>2.104.345.964</u>	<u>1.863.602.272</u>
Gjöld samtals		<u>2.104.345.964</u>	<u>1.863.602.272</u>
Afkoma ársins		<u><u>(203.152.242)</u></u>	<u><u>(87.438.386)</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
		0	0
Eignir samtals			
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	5		
Hrein eign		(203.152.242)	(62.822.169)
Eigið fé samtals		(203.152.242)	(62.822.169)
Skuldir			
Tengdir aðilar	6	199.488.527	51.929.097
Viðskiptaskuldir		3.663.715	10.893.072
Skuldir samtals		203.152.242	62.822.169
Eigið fé og skuldir samtals		0	0
Aðrar upplýsingar	7		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(203.152.242)	(87.438.386)
		(203.152.242)	(87.438.386)
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		0	10.926.630
Tengdir aðilar		210.381.599	80.134.776
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(7.229.357)	(3.623.020)
		203.152.242	87.438.386
	Handbært fé frá rekstri	<u>0</u>	<u>0</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
	Handbært fé í árslok	<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Skýringar

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2022	2021
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	1.734.753.435	1.619.717.004
	<u>1.734.753.435</u>	<u>1.619.717.004</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.589.300.000	0	0	1.589.300.000
Launabætur	63.800.000	0	0	63.800.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	81.653.435	0	0	81.653.435
Fjárveiting til tekna	1.734.753.435	0	0	1.734.753.435
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(1.937.905.677)	0	0	(1.937.905.677)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(203.152.242)	0	0	(203.152.242)

	2022	2021
3 Seld þjónusta		
Gjöld fyrir dvöl	166.440.287	156.446.882
	<u>166.440.287</u>	<u>156.446.882</u>

4 Annar rekstrarkostnaður

Samningsbundin kaup og leiga	2.104.345.964	1.863.602.272
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>2.104.345.964</u>	<u>1.863.602.272</u>

5 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2022	31.12.2021
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	(62.822.169)	24.616.217
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	62.822.169	0
Afkoma ársins	(203.152.242)	(87.438.386)
Jöfnuður 31.12.	<u>(203.152.242)</u>	<u>(62.822.169)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

6 Tengdir aðilar

	31.12.2022	31.12.2021
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	199.488.527	51.929.097
	<u>199.488.527</u>	<u>51.929.097</u>

Skýringar

7 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Fjárlagaliðurinn hefur gert skuldbindandi rekstrar- og þjónustusamning til ársins 2027. Árlegar greiðslur vegna samningsins munu nema kr. 1.718,7 milljónir.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum fjárlagaliðarins í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Fjárlagaliðurinn hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir fjárlagaliðarins felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Fjárlagaliðurinn hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hans.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.